

Tæknilýsingar – Nemendagrunnur MMS

1. Skjalakerfi sveitarfélaga

1.1 Hlutverk og tilgangur

Sveitarfélög geta tengt skjalakerfi sín við Nemendagrunn til að sækja og varðveita:

- Upphaflega umsókn (PDF)
- Feril máls (PDF)
- Fylgiskjöl (PDF)
- Svarbréf (PDF)
- JSON-gögn með lykilupplýsingum máls

Uppfletting og varðveisla gagna er á ábyrgð sveitarfélags.

1.2 JSON-gögn sem skilað er

- **Umsækjandi:** nafn, kennitala, lögheimili, netfang, sími
- **Barn:** nafn, kennitala, lögheimili
- **Forsjáráðilar:** nafn, kennitala, lögheimili
- **Umsókn:** skóli, tegund, staða (samþykkt / hafnað / dregin til baka / í vinnslu)

1.3 Tæknilýsing

- Skjalakerfi **skulu geyma local timestamp** fyrir síðustu uppflettingu og nota hann til að sækja aðeins ný eða uppfærð mál (*idempotent retrieval*).
- REST API (JSON + PDF)
- Auðkenning: API-lykill sem sveitarfélag útbýr í Nemendagrunni
 - Stillingar í Nemendagrunni: (<https://vimeo.com/1123968680>)
- Algeng framkvæmd: skjalakerfi sækja gögn daglega.
- **Umhverfi:**
 - Staging: <https://nemendagrunnur-document-api.staging.devmmms.is/>

2. Námskerfi (LMS)

2.1 Hlutverk og tilgangur

Námskerfi sækja grunnupplýsingar um nemendur, kennara og hópa úr Nemendagrunni.

Nemendagrunnur er **eini sannleiksgjafinn** og LMS má ekki breyta þessum gögnum.

LMS geta ekki uppfært breytingar í Nemendagrunni. Allar breytingar verða að koma frá sveitarfélögum eða skólum í gegnum viðmót Nemendagrunns.

2.2 Gögn sem LMS sækir

- **Nemendur:** nafn, kennitala / einkvæmt auðkenni, netfang, hópatengingar
- **Kennarar:** nafn, auðkenni, netfang, hlutverk, hópatengingar
- **Hópar/Bekkir:** heiti, sourcedId, classType, tengsl
- **Forráðamenn:** skilgreindir sem *agents*

2.3 Tæknileg samskipti – OneRoster

Kennitala er send sem userMasterIdentifier en aldrei notuð sem sourcedId. LMS skal **alltaf** nota sourcedId sem primary key.

LMS skal styðja OneRoster v1.1–v1.2 REST-endapunkta:

- /users
- /classes
- /enrollments
- /orgs

Delta-sync kröfur:

- Nota `dateLastModified > {timestamp}`
- Halda utan um síðasta sync
- Stuðningur við full-sync og delta-sync
- **Idempotent samstilling** – sama kall má keyra oft án tvítekningar eða rangra breytinga

Prófunarumhverfi – OneRoster:

- Staging: <https://nemendagrunnur-one-roster-api.staging.devmmms.is/api/ims/oneroster/rostering/v1p2/#/>

2.4 Nordic Profile – viðbætur sem styðja þarf

LMS skal:

- nýta bæði `enrollments` og `agents` til að mynda rétt tengslanet,
- skrá umsjónarkennara ext : `contactTeacher` bæði sem enrollment og metadata role,
- styðja metadata-reiti (t.d. tungumál),
- styðja mörg auðkenni á notanda,
- styðja aukaflokkun hópa (t.d. sérkennsluhópa).

2.5 Kröfur um gagnaheilindi

LMS skal tryggja:

- einkvæm auðkenni allra notenda og hópa,
- engar tvítekningar á `sourcedId`,
- skýra villumeðhöndlun,
- loggun á sync, villum og árangri.

2.6 Lágmarkskröfur til sveitarfélaga

Sveitarfélög þurfa að tryggja:

- réttar kennitölur og netföng starfsmanna,
- rétta skráningu bekkja/hópa (`sourcedId`, `classType`),
- að gögn séu uppfærð áður en LMS syncar.

3. Auðkenning (Rafræn skilríki, EntraID, Google Auth)

3.1 Hlutverk og tilgangur

Aðgangsheimildir notenda ráðast af hlutverkum og venlum í Nemendagrunni (RBAC/ABAC), ekki af auðkenningarveitu.

Kerfin styðja:

- **Rafræn skilríki** (sjálfgefið),
- **EntraID**,
- **Google Authentication**.

Eftir innskráningu inniheldur JWT-tóken eftirfarandi upplýsingar byggt á skráningu í Nemendagrunni:

- notandaauðkenni,
- Sveitarfélag og/eða skóla,
- hlutverk

3.2 Kröfur til sveitarfélaga

Ef netfang starfsmanns vantar notar kerfið sjálfgefin rafræn skilríki.

Til að virkja EntraID/Google þarf sveitarfélag að senda MMS:

- Tenant ID / Domain,

- staðfest Primary Domain,
- netfang ábyrgðaraðila,
- staðfestingu á virku MFA,
- hvaða notendahópar eigi að hafa aðgang (t.d. all staff / aðeins skólastarfsmenn).

4. Þjónustugáttir sveitarfélaga – Umsóknir á Ísland.is

4.1 Hlutverk

Allar umsóknir eru á Ísland.is:

- Innritun í 1. bekk,
- Skólaskipti,
- Áframhaldandi skólavist.

4.2 Hvað sveitarfélög þurfa að gera

- fjarlægja gamlar umsóknarleiðir,
- uppfæra vefi sveitarfélaga og skóla,
- setja inn réttar slóðir á Ísland.is,

5. Samantekt – Lágmarkskröfur til sveitarfélaga

Sveitarfélög þurfa að tryggja:

- réttar upplýsingar í Nemendagrunni (kennitalur, netföng, hópar, forráðamenn),
- rétta uppsetningu auðkenningar (EntraID/Google),
- rétta uppsetningu skjalakerfa,
- Uppfæra vísanir úr þjónustugátt í réttar umsóknir á Ísland.is,
- reglulegt samráð við birgja.

Viðauki: Skilgreiningar (Glossary)

- **sourcedId** – einkvæmt auðkenni gagna í OneRoster
- **userMasterIdentifier** – opinbert auðkenni notanda (t.d. kennitala)
- **enrollments** – tengsl nemenda/kennara við hópa
- **agents** – tengsl forráðamanns við nemanda